

Ábyrgð Virðing Vinátta



Síðuskóli

Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2014–2015 18.08. 1. bréf

Kæru nemendur og foreldrar

Þetta er fyrsti pistillinn sem ég skrifa ykkur sem nýr skólastjóri Síðuskóla. Ólafur hefur lokið starfi sínu hér við skólann og óskum við honum alls hins besta á nýjum vettvangi.

Á þessu skólaári á Síðuskóli á 30 ára starfsafmæli og munum við halda upp á þau tímamót þann 11. september. Í næsta fréttabréfi sendum við út nánara skipulag á þeim viðburði.

Síðastliðinn vetur var farið að bera á miklum skemmdum á gólfduki í kjallara skólans. Ákveðið var í sumar að taka dúkinn af bókasafninu og tölvustofunni og kom þá í ljós að mikið vatn flæðir upp úr gólfinu í kjallaranum. Búið er að setja upp brunna til að taka við vatninu og verður framkvæmdum ekki lokið fyrr en í fyrsta lagi í lok september. Bókasafnið hefur því verið flutt upp í stofu 16 og tölvustofan í stofu 15. Við munum sennilega setja tölvustofuna aftur niður þegar framkvæmdum er lokið en bókasafnið verður uppi þetta skólaár þar sem ekki verður lagður dúkur á kjallarann fyrr en í vor.

Eins og fram kom í fréttabréfinu í júní er búið að ráða nokkra nýja starfsmenn að skólanum og enn á eftir að bætask hópinn. Nýir starfsmenn eru þau Andri Geir Viðarsson iðjupjálfi í sérdeild, Anna Bergrós Arnarsdóttir deildarstjóri eldri deildar, Eyrún Anna Finnsdóttir umsjónarkennari í 2. bekk og Jóhann Rafn Heiðarsson húsvörður. Inga Björk Harðardóttir mun áfram leysa Guðrúnu Elfu Skírnisdóttur af í myndmennt og nýr hjúkrunarfræðingur Alma Stígsdóttir mun starfa með okkur í vetur. Enn á eftir að ganga frá ráðningum í 1/2 stöðu íþróttakennara þar sem Elvar Smári fer í námsleyfi og verður í hálfri stöðu í vetur. Einnig er búið að auglýsa 60% stöðu skólaliða.

Eins og staðan er í dag þá mun nemendafjöldinn í vetur vera 390 og starfsmenn 76 þegar búið verður að ganga frá öllum ráðningum. Við bjóðum bæði nýja starfsmenn og nemendur velkomna í hópinn okkar.

Skólasetning verður fimmtudaginn 21. ágúst og nemendur mæta eins og hér segir:

2. - 4. bekkur klukkan 9:00

5. - 7. bekkur klukkan 9:30

8. - 10. bekkur klukkan 10:00

Nemendur sem hefja nám í 1. bekk verða boðaðir í viðtal ásamt foreldrum hjá umsjónarkennurum 21. eða 22. ágúst. Á skólasetningunni mæta nemendur fyrst á sal og fara síðan með umsjónarkennurum í sínar heimastofur. Foreldrar eru að sjálfsögðu velkomnir á skólasetninguna og gaman væri að sjá sem flesta.

Það er nauðsynlegt að við sem stöndum að skólanum lítum á okkur sem eina heild hvort sem við erum nemendur, starfsfólk eða foreldrar. Við þurfum að hafa að leiðarljósi einkunnarorð skólans ábyrgð, virðingu og vinnáttu og vera samstíga í að byggja upp framsækninn og öflugan skóla þar sem allir eru metnir að verðleikum og líður vel.

Með von um gott samstarf á nýju skólaári

Ólöf Inga

Ný námskrá



Eins og fram kom

í vor þá hófst

vinna kennara við

að skipta náms-

markmiðum niður á árganga

samkvæmt nýju aðalnámskránni.

Þessi vinna fór vel af stað og enn er

miklu ólokið þannig að áframhald

verður á þeirri vinnu nú í haust.

Engar nýjar fréttir hafa borist frá

Mennta- og menningarmálaráðu-

neytinu varðandi tilhögun

námsmats þannig að við bíðum enn

átekta og vinnum námsmat á

svipuðum nótum og verið hefur.

Ytra mat á skólastarfi:

Síðuskóli er einn af tíu grunn-skólum landsins sem verður metinn af Námsmatsstofnun nú á haustdögum. Þeir þættir sem verða skoðaðir eru: *stjórnun, nám og kennsla og innra mat*. Fyrir utan þessa þrjá þætti, má óska eftir mati á fjórða þættinum og höfum við óskað eftir að skólabragurinn verði tekinn út.

Þær Hanna Hjartardóttir, deildarsérfræðingur í matsdeild Námsmatsstofnunar, og Oddný Eyjólfssdóttir munu framkvæma matið í september/október.

Námsgagnalistar

Eins og undafarin ár eru námsgagnalistar birtir á heimasíðu skólans en síðustu ár hefur sá háttur verið hafður á að umsjónarkennarar á yngsta stigi hafa tekið að sér að gera hagstæð magninnkaup á nauðsynlegustu námsgögnun fyrir sína bekki. Við viljum ítreka við foreldra að gera skil fljótt og vel þegar kostnaðarupplýsingar koma frá umsjónarkennurum.



MATSEÐILL – ÁGÚST 2014

				22
				Hakk, spaghetti, snittubrauð, ferskt grænmeti
25	26	27	28	29
Plokkfiskur og rúgbrauð	Lasagne, snittubrauð og ferskt grænmeti	Fiskur í raspi, kartöflur, ferskt grænmeti, steiktur laukur	Mjólkurgrautur, slátur, smurt brauð	Píta m. hakki, grænmeti, sósa

MATSEÐILL—SEPTEMBER 2014

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
1	2	3	4	5
Pottréttur, hrísgrjón, snittubrauð	Fiskur í ofni, kartöflur, ferskt grænmeti, sósa, ávextir	Snitzel, kartöflur, rauðkál,grænar baunir, steiktur laukur, sulta	Fiskibollur, kartöflur, st.laukur, sósa, ávextir	Súpa, brauð, grænmeti, ávextir
8	9	10	11	12
Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, rúgbrauð, ávextir	Hakkað buff, kartöflur, lauksósa, ferskt grænmeti	Fiskur í ofni, kartöflur, grænmeti, ávextir	Óákveðið - afmæli Síðuskóla	Skyr, smurt brauð, ávextir
15	16	17	18	19
Ostfylltur fiskur, kartöflur, ferskst grænmeti, sósa, ávextir	Kjötbollur, kartöflur, rauðkál, sósa	Fiskur í ofni, kartöflur, ferskt grænmeti, sósa ,ávextir	Gúllas, kartöflumús, grænar baunir sulta	Pasta , heitar sósur, grænmeti, brauð
22	23	24	25	26
Fiskur í ofni, kartöflur, grænmeti, ávextir	Slátur, kartöflu-mús, ávextir	Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, rúgbrauð, ávextir	Pönnukökur m. kjúklingastrimlum, grænmetissósa	Mjólkurgrautur, slátur, smurt brauð
29	30			
Kjötfars í ofni, kartöflur, rauðkál, sósa	Grilluð bleikja, kartöflur, ferskt grænmeti ostasósa, ávextir			